# Amma Júlía





Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar,
sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.




Fúsi er 8 ára

og Jóna er 8 ára.

Júlía er amma

Fúsa og Jónu.

Amma Júlía er 

Hverja sérðu á myndinni? Við hvað ætli amma Júlía starfi?




Amma Júlía á síma.

Amma Júlía á 

og amma Júlía á Janus.

Fúsi á síma og Fúsi á Nínu 

sem er í 

Jóna á síma og Jóna á Lóru.



Hvað á Fúsi? Hver á Lóru? Hvernig ferðast amma Júlía?

Fúsi og Jóna færa Nínu mola.

Æ, æ, Jóna, Jóna, sagði Fúsi.

Ég sé Lóru í 




Já, nú sé ég Lóru, sagði Jóna.

Náum í símann, sagði Fúsi.

Já, ég næ í símann, sagði Jóna.




Hvað eru krakkarnir að gera? Hvar eru dýrin?

Amma Júlía fær SMS
úr síma Fúsa.







Og nú fá Fúsi
og Jóna SMS.

Amma Júlía fer nú
á  sínu.

 Af hverju senda krakkarnir ömmu SMS?



Amma Júlía sér Lóru í 

Amma Júlía fer og nær í 

Amma Júlía nær í Lóru.

Mjá, mjá, sagði Lóra.

Nú eru Jóna og Fúsi sæl.

En Amma Júlía, Fúsi og Jóna
sáu ekki að Nína fór úr 



Hvað er amma að gera? Hvað gerir Nína
kanína á meðan?

Nína er farin úr 
volar Jóna.
Æ, æ, æ, volar Fúsi.
Ég fer og næ í Janus,
sagði amma Júlía.





Amma fór
að ná í Janus.

Jóna og Fúsi fóru ekki
að ná í Janus.
Jóna og Fúsi vola.





Hvernig líður krökkunum? Af hverju?

Nína, Nína mín, volar Fúsi.
Ég sé ekki Nínu, volar Jóna.
Nína fór í felur.
Nína fór í felur í móanum.



Amma! Janus! sagði Jóna sæl.
Og Janus fer að nasa.
Janus nasar og nasar.

Hver er týndur? Hvað gerir hundurinn?

Janus fer í móann.
Amma Júlía fer í móann
og Fúsi og Jóna fara í móann.

Nú sér Janus Nínu sem var í felum.
Voff, voff, sagði Janus.
Ég sé Nínu mína, sagði Fúsi.
Og Fúsi fær Nínu sína.



 Hver fann Nínu? Hvar ætli Nína hafi falið sig?

# Notkun

## Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

## Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

## Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrýtin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

# Amma Júlía

Lestrarbók 7b

ISBN 978-9979-0-2511-5

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© teikningar Halla Sigríður M. Haugen
Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2014
önnur prentun 2017
þriðja prentun 2019
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

7b

Lestrarkennsluefnið



# Listin að lesa og skrifa



er fyrir byrjendur í lestri og
byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð.
Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur,
örbækur, lesspil, verkefni á vef til að prenta út o.fl.

Í þessari bók eru æfðir bókstafirnir
í, ó, s, á, l, a, i, r, ú, m, u, v, e, n, o, æ, f, é og j
ásamt orðmyndunum og, ekki, sagði, ég, sé og að.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Halla Sigga.



MENNTAMÁLASTOFNUN
40252